

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.

1. gr.

Frá og með 10. febrúar 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Austurlandi:

1. Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°05'70 N – 13°15'02 V
2. 64°16'51 N – 13°14'86 V
3. 64°27'19 N – 13°14'31 V
4. 64°32'61 N – 13°21'75 V
5. 64°31'23 N – 12°49'36 V
6. 64°08'07 N – 13°02'68 V

2. Á Fætinum á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°32'92 N – 12°15'51 V
2. 64°40'89 N – 12°17'51 V
3. 64°42'69 N – 12°04'45 V
4. 64°33'11 N – 12°10'98 V

3. Á Glettinganesgrunni á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°33'64 N – 12°51'07 V
2. 65°23'99 N – 12°49'52 V
3. 65°32'33 N – 12°26'34 V
4. 65°26'46 N – 12°11'41 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.